

Dagskrá skólaráðsfundar 2.fundur 5. desember 2018.

Fundinn sátu: Edda Björg, Sesselja, Elfa, Tómas, Guðrún Dóra, Ragnhildur, Una, Svanhvít og Særún.

Efni fundarins:

1. Kynna skjalageymslu og skráningu upplýsinga.
Edda fór einnig yfir það hvernig geymsla prófa og annarra upplýsinga er höfð. Allir nemendur skólans eru komnir með persónumöppu í skjalageymslu þar sem öll persónugögn eru geymd. Allar greiningar og slíkt fer í möppu hvers nemenda fyrir sig. Þeir sem hafa aðgang að gögnum eru umsjónarkennarar, stjórnendur og stoðteymi skólans. Linda stýrir aðgangi að skjalageymslu með því að lykill að rýminu og skjalaskápmum eru í skúffu hjá henni.
2. Samræmd próf og niðurstöður þeirra.
Edda fór yfir helstu niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Niðurstöður voru ánægjulegar í 7. bekk, rétt yfir landsmeðaltali. Nemendur í 4. bekk fengu mjög góðar niðurstöður í íslensku en niðurstöður í stærðfræði þarf að skoða nánar. Búið er að rýna í þær niðurstöður og gera tillögur til úrbóta. Bent er á að þegar niðurstöður skólans eru skoðaðar er meðaltal sl. 5 ára skoðað.
3. Starfsmannamál
Tveir nýir starfsmenn hefja störf eftir áramót. Einn kennari hættir um áramót því hann ætlar að snúa til nýrra starfa á öðrum vettvangi. Nýir starfsmenn eru einn þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Einn stuðningsfulltrúi fer í veikindaleyfi í febrúar.
4. Jólasamvera
Í framhaldi af umræðu um jólasamveru á fundi skólaráðs í október sl. var Fyrirkomulag kynnt fyrir nefndarmönnum. Almenn ánægja með fyrirkomulagið.
5. Forvarnir
Farið var yfir auknar áhyggjur af neyslu ungmenna í skólanum sem teygir anga sína út fyrir skólann hjá okkur. Kallaðir voru til borðsins á fund fulltrúar Sjálandsskóla og Garðaskóla, barnavernd, Klakinn og Garðalundur ásamt íþróttfulltrúa. Áætlun verður sett af stað um inngríp að hálfu allra aðila sem komu að borðinu. Þetta þarf að vera unnið í sameiningu til að árangur náist.
6. Foreldrastarf
Farið var yfir mikilvægi þess að öflugt foreldrasamstarf sé í skólanum. Ýta þarf við foreldrasamfélaginu með töluvert auknum hætti þannig að meiri virkni verði í starfi foreldrafélagsins.
7. Fjárhagsáætlun
Skólinn verður á núlli núna um áramót samkvæmt úthlutun þessa árs. Við munum fá úthlutað á fjárhagsáætlun eins og síðasta ár. Búið er að sækja um aukin fjárútlát í búnaðarkaupum frá bænum.

8. Alþjóðaskólinn er með samning til áramóta á næsta ári. Verið er að láta teikna húsnæði fyrir nýjan skóla hjá þeim. Sjálandsskóli hefur óskað eftir að samningurinn við skólann verði ekki framlengdur vegna húsnæðisskorts.
9. Framkvæmdir í skólanum ganga mjög vel. Verið er að setja upp glerveggi sem verða tilbúnir fljótlega á næsta skólaári.
10. Unglingadeildin vildi ræða sjoppuna og hvort það væri hægt að láta á það reyna aftur. Sjoppa var reynd í tvær vikur á haustönn en það gekk ekki vel. Fulltrúar nemenda óska eftir að prófa sjoppuna aftur. Það verður sett í hendurnar á nemendaráði að prófa sjoppuna aftur með einfaldara fyrirkomulagi en áður og án aðkomu Skólamatar.

Fundargerð ritaði Sesselja Þóra Gunnarsdóttir.